



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 23. ágúst 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-3. dagskrálið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit janúar-júní 2023 og framkvæmdayfirlit 1. janúar-17. júlí 2023.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins frá janúar-júní 2023 og framkvæmdayfirlit frá 1. janúar-17. júlí 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Tímabilsyfirlit launa janúar-júlí 2023

Fyrir fundinum lá tímabilsyfirlit launa vegna janúar- júlí 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

3. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir jákvæðum breytingum á rekstri sem nema 19 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt áætlun verði því 53 m.kr. í gjöld umfram tekjur í stað 72 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast Jöfnunarsjóði, byggðasamlögum, barnavernd, málefnum fatlaðra, breyting á gjaldskrá Fellsborgar, vísitölubreytingu vegna samnings við Golfklúbb Skagastrandar, breyting vegna rekstrarliða í Fellsborg, lagfæring á villu í áætlun v. Suðurv. 30, ákvörðun um aukin útgjöld til opinna svæða og salan á eign sveitarfélagsins að Suðurvegi 16.

Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

5. Málefni fatlaðra

a. Húsnaðissjálfseignarstofnun vegna sjálfstæðrar búsetu.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykktum fyrir húsnæðissjálfseignarstofnun vegna sjálfstæðrar búsetu fyrir fatlað fólk sem sveitarstjórn fór yfir og gerir ekki athugasemdir við. Var sveitarstjóra falið að vinna áfram að stofnun nýrrar húsnæðissjálfseignastofnunar í samvinnu við Skagafjörð, Húnabyggð og Skagabyggð með það að markmiði að byggja húsnæði fyrir sjálfstæða búsetu sem taki við hlutverki núverandi herbergjaheimila að Skúlabraut á Blönduósi og Fellstúni á Sauðárkróki.

b. Reglur Skagafjarðar um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni.

Fyrir fundinum lágu reglur Skagafjarðar um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Skammtímadvöl er tímabundin dvöl fyrir fötluð börn og ungmenni með umfangsmiklar og langvarandi þjónustuþarfir til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna svo sem veikinda eða annars álags.

Reglurnar voru bornar upp til samþykktar og staðfestar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036

Fyrir fundinum lá Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2026. Var áætlunin borin upp til samþykktar og staðfest samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

7. Samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar – fyrri umræða

Lögð er fram breyting á Samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366 frá 1. apríl 2014. Samþykktirnar voru áður teknar til umræðu á fundi sveitarstjórnar þann 29. desember 2022 en ákveðið var að hefja ferlið að nýju þar sem breytingarnar eru það umfangsmiklar að um heildarendurskoðun á samþykktum er að ræða sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á Samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar nr. 366/2014, með síðari breytingum og víesar til síðari umræðu sveitarstjórnar.“

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.





8. Tilnefning í stjórn Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna

Sveitarfélög í Austur-Húnnavatnssýslu eru aðilar að Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna og þurfa að tilnefna einn aðalmann og einn varamann í stjórn.

Eftirfarandi tilnefningar eru lagðar upp til samþykktar:

Aðalmaður: Auðunn Steinn Sigurðsson

Varamaður: Halldór G. Ólafsson

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

9. Sekretum – samningur um þjónustu á sviði persónuverndar

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Sekretum á sviði persónuverndar um aðgang að Wired Relations. Sveitarstjórn ræddi framlagðan samning og samþykkti samhljóða.

10. Bréf

a. Magnús B. Jónsson f.h. stjórnar Norðurár bs. dags. 27. júlí 2023

Efni: Fjármögnun vegna stækkunar urðunarstaðar

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Norðurá bs. sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánaþjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Norðurár bs hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 170.000.000 kr. til allt að 16 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Norðurá bs. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til gerðar urðunarstaðarins Stekkjarvíkur við Sölvabakka sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.





Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Norðurár bs. til að breyta ekki ákvæði samþykktu Norðurár bs sem leggur hömlur á eignarhald að féluginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Sveitarfélagið Skagaströnd selji eignarhlut í Norðurá bs. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Sveitarfélagið Skagaströnd sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Alexöndru Jóhannesdóttur, sveitarstjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar veitingu ofangreindrar ábyrgðar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

b. ADHD samtökin dags. 2. ágúst 2023

Efni: Styrkumsókn

Með erindinu er óskað eftir styrk til ADHD samtakanna. Sveitarstjórn ræddi framkomna beiðni en hafnaði henni.

c. Halldór G. Ólafsson f.h. BioPol dags. 11. ágúst 2023

Efni: Boðun aðalfundar

Með erindinu er boðað til aðalfundar Sjávarlíftæknisetursins BioPol ehf. sem fer fram þann 24. ágúst nk. Erla María Lárusdóttir varaoddviti fer með fullt og ótakmarkað umboð f.h. sveitarfélagsins á fundinum í fjarveru sveitarstjóra.

d. ÍSÍ dags. 13. ágúst 2023

Efni: Styrkumsókn vegna íþróttaviku Evrópu staðfest

Með erindinu er staðfest styrkumsókn sveitarfélagsins að upphæð 500.000 kr. vegna þátttöku í BeActive í september 2024 en hreyfivikan verður haldin í samstarfi við Ungmennafélagið Fram.

11. Fundargerðir

a. Fræðslunefnd dags. 22. maí 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Hafnar- og skipulagsnefnd dags. 14. ágúst 2023

Á fundi Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 14. ágúst 2023 var eftirfarandi m.a. bókað undir 1. dagskrálið





Umsókn um lóðaúthlutun Suðurvegur 5-7

Fyrir fundinum lá umsókn Verk lausnar ehf. um byggingarlóðir til þess að reisa íbúðarhúsnaði á Suðurvegi 5 og 7. Um er að ræða parhús úr timbri. Áætlaður byggingatími er 12 mánuðir og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í október 2023. Nefndin fór yfir umsóknina eins og hún var lögð fyrir og samþykkti samhljóða að að úthluta lóðunum í samræmi við framlagða umsókn og háð þeim skilyrðum sem fram koma í Reglum um úthlutun byggingarlóð í SveitarfélUGIN Skagaströnd frá 8. mars 2023. Útbúa þarf lóðarblað og var sveitarstjóra falið að ganga frá því.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Afgreiðsla Hafnar- og skipulagsnefndar staðfest með fimm greiddum atkvæðum.

Þá var eftirfarandi bókað undir 2. Dagskrárlíð:

Bréf

a. Elna Ragnarsdóttir dags. 10.07.2023

Efni: Umferðarhraði á Vetrarbraut

Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá Elnu Ragnarsdóttur þar sem óskað er eftir því að sett verði hraðahindrun til þess að tempra umferðarhraða á Vetrarbraut sem liggur við heimili viðkomandi til þess að minnka slysahættu. Nefndin ræddi efni tölvupóstsins og taldi tilefni til þess að merkja hámarkshraða með sýnilegum hætti þar sem að malbik og malarvegur mætast og mögulega setja þrengingu. Þá var rætt um göngubrautir og hraðahindranir í nálægð við Höfðaskóla og því vísað til sveitarstjórnar að gera úrbætur þar á.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn tekur undir bókun Hafnar- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að vinna að því að gera úrbætur með því að setja hraðaskilti við malarstíg á Vetrarbraut og láta mála gangbrautir við Höfðaskóla og merkja með fullnægjandi hætti.



b. Vegagerðin dags. 27.07.2023

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi vegna sjóvarnar

Fyrir fundinum lá erindi Vegagerðarinnar varðandi framkvæmdaleyfi vegna sjóvarnar ásamt teikningum. Vegagerðin hefur unnið að undirbúningi sjóvarnarkerfis við Réttarholt og Sólvang á Skagaströnd samkvæmt samgönguáætlun.

Helstu verkþættir eru: Lenging sjóvarnar við Réttarholt og Sólvang um 175 m framlenging núverandi sjóvarna. Áætlað grjótmagn er um 1600 m³.

Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarða í samráði við sveitarfélagið. Óskað er eftir því að sveitarfélagið staðfesti að Vegagerðin hafi heimild til þess að ráðast í ofangreindar framkvæmdir og að gengið verði úr skugga um að þær samrýmist skipulagi. Unnið er að gerð útboðsgagna og er áætlaðir verktími u.p.b. 2 mánuðir á tímabilinu 1. október 2023-1. maí 2024.

Nefndin ræddi framlagða beiðni og samþykkti samhljóða fyrir sitt leyti að ráðist verði í framangreindar framkvæmdir og að sveitarfélagið gefi út framkvæmdaleyfi vegna þeirra.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Hafnar- og skipulagsnefndar.

Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 8. ágúst 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar

12. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum dagskrálið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:00

Halldór G. Ólafsson
Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir
Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir
Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína I. Jakobsdóttir
Péturína Laufsey Jakobsdóttir



Arnar Ólafur Viggósson

Arnar Ólafur Viggósson

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

1277-70

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Stylized blue signature

